

SAMÞYKKT

um hreinsun fráveitumannvirkja í Kjósarhreppi.

I. KAFLI

Almennt.

1. gr.

Samþykkt þessi nær til allra fasteigna, íbúðarhúsnæðis, frístundahúsa, stofnana og atvinnustarfsemi í Kjósarhreppi. Samþykktin nær til rotþróa, fráveitukerfa, set- og sandskilja, fellitanka og olíu- og fitugildra. Jafnframt skulu uppfyllt ákvæði reglugerðar um fráveitur og skólp, nr. 798/1999, reglugerðar um meðhöndlun seyru, nr. 799/1999, reglugerðar um varnir gegn mengun vatns, nr. 796/1999, og reglugerðar um varnir gegn mengun grunnvatns, nr. 797/1999. Samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, hefur heilbrigðisnefnd Vesturlands eftirlit með framkvæmd verkefna samkvæmt þessari samþykkt. Sveitarstjórn heldur skrá yfir rotþrær og settanka og færir staðsetningu þeirra í skipulagsgögn sveitarfélagsins.

II. KAFLI

Framkvæmd við hreinsun rotþróa.

2. gr.

Kjósarhreppur ber ábyrgð á og sér til þess að hreinsun á fráveitu verði framkvæmd í sveitafélaginu með kerfisbundnum hætti, þ.e. seyru losun úr rotþróum, ásamt flutningi, endurnýtingu eða förgun. Heilbrigðisnefnd Vesturlands annast eftirlit með starfsemi. Þeir aðilar sem sjá um hirðu og meðhöndlun seyru skulu hafa til þess tilskilin starfsleyfi í samræmi við reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, nr. 550/2018.

3. gr.

Meðhöndlun seyru skal skipulögð af Kjósarhreppi, sem sér um samskipti við þá aðila, sem málið varðar, svo sem vegna frágangs, förgunar eða nýtingar á seyru, í samræmi við reglugerð um meðhöndlun seyru, nr. 799/1999. Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd verkefna samkvæmt þessari samþykkt.

III. KAFLI

Losun seyru og setefna.

4. gr.

Losun seyru og setefna skal að öllu jöfnu framkvæmd þriðja hvert ár við skóla, heilbrigðisstofnanir, matvælaframleiðslustaði, veitinga- og gistiþjónustu, heimili og frístundahús. Fulltrúi sveitarfélagsins hefur yfirstjórn með verkinu og skal hann jafnframt vera tengiliður og sjá um samskipti við þá aðila sem annast verkefni á hverjum tíma, í samráði við heilbrigðisnefnd Vesturlands.

5. gr.

Kjósarhreppur auglýsir árlega hvenær seyru losun fer fram. Sérhverjum húsráðanda er skylt að sjá til þess að aðgengi fyrir losunaraðila sé gott að rotþróum og settökum og vel sýnilegt.

IV. KAFLI
Gjaldtaka.

6. gr.

Fyrir hreinsun og tæmingu á rotþró og förgun seyrú skal húseigandi greiða árlegt rotþróargjald sem standa skal undir kostnaði við verkið. Gjald þetta skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, og ákvæði laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna, nr. 9/2009 .

Sveitarstjórn ákveður og lætur birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda. Rotþróargjald hvers árs skal innheimt á sama hátt og fasteignagjöld til sveitarsjóðs Kjósarhrepps. Heimilt er að innheimta aukagjald af þeim húseignum þar sem um óvenjumikinn kostnað er að ræða við hreinsun og tæmingu, svo sem vegna stærðar, barkalengdar, endurkomu o.s.frv., eða þegar um sérstaka rotþró við útihús er að ræða. Gjald þetta má þó aldrei vera hærra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið.

V. KAFLI
Málsmeðferð og gildistaka.

7. gr.

Hafi íbúar fram að færa kvörtun vegna fráveitumála eða seyrúhirðu skal koma henni á framfæri við fulltrúa sveitarfélagsins eða Heilbrigðiseftirlit Vesturlands.

8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum rúmist þau innan refsíákvæða hlutaðeigandi heimildarlaga, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Skulu þau brot sæta þeirri málsmeðferð sem boðin er í lögum um meðferð opinberra sakamála, nr. 88/2008.

9. gr.

Samþykkt þessi var samin af sveitarstjórn Kjósarhrepps og samþykkt 5. nóvember 2025. Samþykktin staðfestist hér með skv. 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, 2. mgr. 8. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, og samkvæmt 10. mgr. 4. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna, nr. 9/2009, til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt um hreinsun, losun og frágang rotþróa í Kjósarhreppi, nr. 183/2007.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 14. nóvember 2025.

F. h. r.
Erla Arnardóttir.

Trausti Ágúst Hermannsson.